

# **KAUPTAXTI**

**frá og með 1. júní 2011**

Samkvæmt kjarasamningi milli  
Félags bókagerðarmanna og Samtaka atvinnulífsins  
og samkvæmt kjarasamningi milli  
Félags grafískra teiknara og  
Sambands íslenskra auglýsingastofa

# Úr kjarasamningi Félags bókagerðarmanna og Samtaka atvinnulífsins og samkvæmt kjarasamningi milli Félags grafískra teiknara og Sambands íslenskra auglýsingastofa og SÍA:

## Inngangur

Samningur þessi kemur til viðbótar heildar-kjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ sem félögin eiga aðild að og fjallar um aðfararsamning, samningstíma, gildistöku, samningsforsendur, afgreiðslu kjarasamninga og önnur sameiginleg mál.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning FBM og aðalkjarasamning FGT- deildar.

## Almenn launahækkun

### 1.6. 2011: 4,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema um annað hafi samist.

## 15% álag á laun

### Flokksstjóra og vaktstjóra

#### Úr kjarasamningur FBM og SA

2.7 Sveinar sem sérstaklega eru ráðnir til að hafa á hendi flokksstjórn / vaktstjórn eða umsjón verka skv. skriflegum ráðningarsamningi, en ganga jafnframt til almennra starfa iðnaðarmanna, skulu fá greitt sérstaklega fyrir stjórnunarlega ábyrgð og hafa sem svarar 15% hærri laun en þeir ella hefðu.

Álag þetta kemur ekki til viðbótar álagi skv. gr. 2.6.

#### Úr kjarasamningur FGT-deildar og SÍA

7.1.1. Þeir sem sérstaklega eru ráðnir til að hafa á hendi flokksstjórn / vaktstjórn eða umsjón verka skv. skriflegum ráðningarsamningi, en ganga jafnframt til almennra starfa grafískra hönnuða, skulu fá greitt sérstaklega fyrir stjórnunarlega ábyrgð og hafa sem svarar 15% hærri laun en þeir ella hefðu.

## Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem undirritaðir hafa verið sérstaklega og gilda frá 1. júní 2011.

## Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2011 kr. 48.800.

**Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.**

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1.maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 verði orlofsuppbót kr. 26.900.

**Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000, nema að ASÍ hafi ákveðið að samningarnir gildi til loka janúar 2012.**

## Frí í stað yfirvinnu

Heimilt er með samkomulagi milli starfsmanns og vinnuveitanda að greiða fyrir störf, sem unnin eru á yfirvinnutímabili, með fríum á dagvinnutímabili. Heimilt er að viðhafa tvenns konar fyrirkomulag, safna vinnustundum í yfirvinnu og greiða út yfirvinnuálagið (mismun dagvinnu- og yfirvinnutímakaups) næsta útborgunardag eða breyta yfirvinnutímum þannig að ein klukkustund í yfirvinnu jafngildir 1,8 klst. í dagvinnu (4,44 klukkustundir í yfirvinnu jafngilda 8 klukkustundum í dagvinnu). Uppsafnaðir frítímar skv. framangreindu skulu veittir í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi fyrirtækis í samráði við starfsmann.

## Starfsmannaviðtöl

### 1.10 Starfsmannaviðtöl

Starfsmaður á rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín, þ.m.t. frammistöðu og markmið og hugsanlegar breytingar á starfskjörum. Óski starfsmaður eftir viðtali skal það veitt innan tveggja mánaða og liggja niðurstaða þess fyrir innan mánaðar.

### Veikindi barna

Á fyrsta starfsári hjá sama vinnuveitanda skal foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð, þangað til rétturinn verður 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili, til aðhlyningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið, og halda þá dagvinnulaunum sínum, svo og vaktálagi þar sem það á við.

### Endurmenntun

#### Réttur til endurmenntunar í vinnutíma

Bókagerðarmenn skulu eiga kost á að sækja eftirmenntunarnámskeið á vegum IÐUNNAR / Prenttæknistofnunar til að fylgjast með breytingum í bókagerðargreinum og falla að starfsemi fyrirtækisins. Við það skal miðað að árlega geti þeir varið allt að 24 dagvinnustundum til námskeiðssetu án skerðingar á föstum launum þó þannig að a.m.k. helmingur námskeiðsstunda sé í þeirra eigin tíma. Jafnt bókagerðarmaður sem vinnuveitandi geta haft frumkvæði að námskeiðum. Tími til námskeiðssetu skal valinn með hliðsjón af verkefnastöðu viðkomandi fyrirtækis.

Bókagerðarmaður sem unnið hefur þrjú ár samfelld hjá sama fyrirtæki skal á tveggja ára fresti eiga rétt á allt að 40 dagvinnustundum til námsskeiðssetu á fagtengdum námskeiðum IÐUNNAR / Prenttæknistofnunar án skerðingar á föstum launum, þó þannig að a.m.k. helmingur námskeiðsstunda sé í hans eigin tíma. Réttur þessi kemur í stað þess réttar sem getið er í 1. mgr.

## Ráðningarsamningar, ráðningarbref

Sé starfsmaður ráðinn til lengri tíma en eins mánaðar og að meðaltali lengur en átta klst. á viku, skal eigi síðar en tveim mánuðum eftir að starf hefst gerður skriflegur ráðningarsamningur eða ráðning staðfest skriflega. Láti starfsmaður af störfum áður en tveggja mánaða frestinum lýkur, án þess að skriflegur ráðningarsamningur hafi verið gerður eða ráðning staðfest skriflega, skal slík staðfesting látin í té við starfslok.

Breytingar á ráðningarkjörum umfram það sem leiðir af lögum eða kjarasamningum skal staðfesta með sama hætti eigi síðar en mánuði eftir að þær koma til framkvæmda.

Ákvæði gr. 1.9.1. og 1.9.2. gilda ekki við ráðningu í tilfallandi störf, að því tilskildu að hlutlægar ástæður liggja því til grundvallar.

Upplýsingaskylda vinnuveitanda - Í ráðningarsamningi eða skriflegri staðfestingu ráðningar, þ.e. ráðningarbrefi, skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

1. Deili á aðilum þ.m.t. kennitölur.
2. Vinnustaður og heimilisfang vinnuveitanda. Sé ekki um fastan vinnustað að ræða, eða stað þar sem vinnan fer jafnaðarlega fram, skal koma fram að starfsmaður sé ráðinn á mismunandi vinnustöðum.
3. Titill, staða, eðli eða tegund starfs sem starfsmaður er ráðinn í eða stutt útlistun eða lýsing á starfinu.
4. Fyrsti starfsdagur.
5. Lengd ráðningar sé hún tímabundin.
6. Orlofsréttur.
7. Uppsagnarfrestur af hálfu vinnuveitanda og starfsmanns.
8. Mánaðar- eða vikulaun, t.d. með tilvísun til launataxta, mánaðarlaun sem yfirvinna er reiknuð af, aðrar greiðslur eða hlunnindi svo og greiðslutímabil.
9. Lengd venjulegs vinnudags eða vinnuviku.
10. Lífeyrissjóður.
11. Tilvísun til gildandi kjarasamnings og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Upplýsingar samkvæmt 6. - 9. tl. má gefa með tilvísun til kjarasamninga.

## Kauptaxti FBM frá og með 1. júní 2011, almenn launahækkun 4,25%

	Mánaðar- laun	Vikulaun	Dagvinna	Yfirvinna	Yfirvinna í vaktavinnu
<b>Sveinar</b>					
Byrjunarlaun . . . . .	243.342 kr	56.157 kr	1.403,92	2.527,06	2.807,84
Eftir 1 ár . . . . .	248.350 kr	57.312 kr	1.432,81	2.579,06	2.865,62
Eftir 3 ár . . . . .	253.507 kr	58.503 kr	1.462,57	2.632,63	2.925,14
Eftir 5 ár . . . . .	258.819 kr	59.729 kr	1.493,22	2.687,80	2.986,44
Eftir 7 ár . . . . .	264.254 kr	60.983 kr	1.524,57	2.744,23	3.049,14

### Flokksstjóri/vaktstjóri 15% álag \*

Eftir 7 ár . . . . .	303.892 kr	70.130 kr	1.753,26	3.155,87	3.506,52
----------------------	------------	-----------	----------	----------	----------

\*Dæmi um svein með 7 ára starfsreynslu sem er ráðinn skv. ákvæði 2.7

### Iðnaðarmenn án sveinsprófs með viðurkennd starfsréttindi

Byrjunarlaun . . . . .	220.208 kr	50.818 kr	1.270,46	2.286,83	2.540,92
Eftir 1 ár . . . . .	224.715 kr	51.858 kr	1.296,46	2.333,63	2.592,92

### Aðstoðarfólk.

Byrjunarlaun . . . . .	176.608 kr	40.756 kr	1.018,91	1.834,04	2.037,82
Eftir 1 ár . . . . .	179.942 kr	41.526 kr	1.038,15	1.868,67	2.076,30
Eftir 3 ár . . . . .	183.378 kr	42.319 kr	1.057,97	1.904,35	2.115,94
Eftir 5 ár í sama fyrirtæki . .	186.915 kr	43.135 kr	1.078,38	1.941,08	2.156,76

### Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum með mikla faglega reynslu

Byrjunarlaun . . . . .	183.985 kr	42.459 kr	1.061,47	1.910,65	2.122,94
Eftir 1 ár . . . . .	185.125 kr	42.722 kr	1.068,05	1.922,49	2.136,10
Eftir 3 ár . . . . .	187.405 kr	43.248 kr	1.081,20	1.946,16	2.162,40
Eftir 5 ár . . . . .	190.824 kr	44.037 kr	1.100,93	1.981,67	2.201,86

### Starfsþjálfunarnemar

Fyrstu 6 mán. starfsþj. . . . .	176.175 kr	40.656 kr	1.016,41	1.829,54	
Eftir 6 mán. starfsþj. . . . .	186.018 kr	42.928 kr	1.073,20	1.931,76	

## Kauptaxti FGT frá og með 1. júní 2011, almenn launahækkun 4,25%



	Dagvinna	Yfirvinna
1. flokkur byrjunarlaun . . . . .	242.500 kr.	1.554 kr. 2.425 kr.
2. flokkur eftir 1 ár . . . . .	260.655 kr.	1.671 kr. 2.607 kr.
3. flokkur eftir 4 ár . . . . .	275.368 kr.	1.765 kr. 2.754 kr.
4. flokkur eftir 6 ár . . . . .	286.414 kr.	1.836 kr. 2.864 kr.

	Mánaðar- laun	Vikulaun	Dagvinna	Yfirvinna	Yfirvinna í vaktavinnu
<b>Vakt. 20% jafnaðarálag, tvískiptar 5 daga vaktir</b>					
Sveinar .....	292.010 kr	67.388 kr	1.684,71		2.807,84
Eftir 7 ár .....	317.105 kr	71.675 kr	1.829,49		3.049,14

#### Sérhæft aðstoðarfólk í lönaðarstörfum

Eftir 1 ár .....	222.150 kr	51.266 kr	1.281,66		2.136,10
Eftir 5 ár .....	228.989 kr	52.844 kr	1.321,12		2.201,86

#### Vakt. 22% jafnaðarálag, þrískiptar 5 daga vaktir

Sveinar .....	296.877 kr	68.512 kr	1.712,78		2.807,84
Eftir 7 ár .....	315.759 kr	72.869 kr	1.821,72		3.049,14

#### Sérhæft aðstoðarfólk í lönaðarstörfum

Eftir 1 ár .....	225.853 kr	52.121 kr	1.303,02		2.136,10
Eftir 5 ár .....	232.805 kr	53.725 kr	1.343,13		2.201,86

#### Vakt. 24% jafnaðarálag, tvískiptar 7 daga vaktir

Sveinar .....	301.744 kr	69.635 kr	1.740,86		2.807,84
Eftir 7 ár .....	320.936 kr	74.064 kr	1.851,59		3.049,14

#### Sérhæft aðstoðarfólk í lönaðarstörfum

Eftir 1 ár .....	229.555 kr	52.975 kr	1.324,38		2.136,10
Eftir 5 ár .....	236.622 kr	54.606 kr	1.365,15		2.201,86

#### Vakt. 27% jafnaðarálag, þrískiptar 7 daga vaktir

Sveinar .....	309.044 kr	71.319 kr	1.782,98		2.807,84
Eftir 7 ár .....	328.700 kr	75.856 kr	1.896,38		3.049,14

#### Sérhæft aðstoðarfólk í lönaðarstörfum

Eftir 1 ár .....	235.109 kr	54.257 kr	1.356,42		2.136,10
Eftir 5 ár .....	242.346 kr	55.927 kr	1.398,18		2.201,86



## Önnur ákvæði úr kjarasamningi FBM og SA

### Sumar- og vetrarorlof

Starfsfólk skal fá 25 virka daga í sumarleyfi með fullu kaupi, enda hafi það unnið í sama fyrirtæki í eitt ár samfleytt.

Eftir 5 ár samfellt í sama fyrirtæki 28 dagar  
Eftir 10 ár í iðninni 30 dagar

Starfsfólk, sem unnið hefur skemur en eitt ár í sama fyrirtæki, skal fá sumarleyfi með fullu kaupi að tiltölu við þann tíma, sem það hefur unnið.

Veita ber a.m.k. 20 virka daga í einu lagi á tímabilinu 1. júní til 30. september. Orlof umfram það má veita utan þessa tímabils og ákvarðast með minnst eins mánaðar fyrirvara, á þann hátt að sem minnst röskun verði á starfsemi fyrirtækisins. Þeir sem samkvæmt ósk atvinnurekanda fá ekki 20 orlofsdaga á sumarorlofstímabili eiga rétt á 25% álagi á það sem vantar 20 daga.

Óski starfsmaður með 9 ára starfsreynslu að taka vetrarorlof, þá geymast 5 dagar af sumarorlofi og verði þá vetrarorlof samtals 10 dagar. Óski starfsmaður með 10 ára starfsreynslu eða meira að taka vetrarorlof þá geymast 5 dagar af sumarorlofi og verði þá vetrarorlof samtals 10 dagar. Vetrarorlof skal veitt á tímabilinu 1. október til 1. maí. Vetrarorlof skal starfsmaður nota til að auka þekkingu sína.

**Ósk um töku vetrarorlofs skal koma fram fyrir 1. maí ár hvert.**

### Orlof á yfirvinnu er:

10,64% miðað við 25 daga  
12,07% miðað við 28 daga  
13,04% miðað við 30 daga

### Dagvinnutími

Vinnutími er 8 stundir á dag, eða 40 stundir á viku, að meðtöldum kaffitímum, en 7 klukkustundir og 25 mínútur á dag, eða 37 klst. og 5 mínútur á viku unnar dagvinnustundir, að kaffitímum frátöldum. Dagvinnutímabilið er frá kl. 08:00 til kl. 17:00.

Matartími er á tímabilinu frá kl. 12:00 til kl. 13:00, hálf eða ein klst., eftir frjálssamkomulagi á sama vinnustað. Matartími telst ekki til vinnutíma.

Frjálst er að semja um lengd og fjölda kaffitíma á hverjum vinnustað. Lágmarkskaffitími á vinnustað er 10 mínútur, en hámark tveir kaffitímar samtals 35 mínútur.

Dagvinnu lýkur að lokinni vinnu í 7 klst. og 25 mínútur, fyrir utan kaffitíma, en á hvaða tíma dagsins henni lýkur fer eftir samkomulagi um lengd kaffitíma og matartíma.

Sé það vilji meirihluta starfsmanna fyrirtækis að neyta hádegisverðar á vinnustað, skal það heimilt í samráði við framkvæmdastjóra, enda sé þá fyrir hendi aðstaða til þess, að dómi heilbrigðisyfirvalda. Það er vilji beggja samningsaðila að stuðla að því eftir föngum, að í fyrirtækjum verði séð fyrir þessu, eftir því sem ástæður leyfa. Þar sem þetta fyrirkomulag er haft og matartími er hálf klukkustund, er heimilt, skv. ósk meirihluta starfsfólks og í samráði við framkvæmdastjóra fyrirtækis, að kaffitímar falli niður og dagvinnu ljúki fyrr sem því nemur. Fari starfsmaður út af vinnustað í matarhléi, er honum skylt að stimpla sig við brottför og komu. Hvers konar neysla önnur en að framan greinir er bönnuð á vinnustað.



## Önnur ákvæði úr kjarasamningi FBM/FGT og SÍA

### Orlof

Um orlof fer að landslögum og er orlofsréttur nú 24 virkir dagar á ári (10,17%).

Og teljast 5 fyrstu laugardagar í orlofi ekki með.

Við 4 ára starfsaldur lengist orlof um 2 vinnudaga (11,11%).

Við 6 ára starfsaldur lengist orlof um 1 vinnudag (11,59%).

Við 9 ára starfsaldur lengist orlof um 1 vinnudag (12,07%).

Við 12 ára starfsaldur lengist orlof um 1. Vinnudag (12,55%).

Eftir 5 ár í sama fyrirtæki 28 dagar

Eftir 10 ár í sama fyrirtæki 30 dagar

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sama vinnuveitanda öðlast hann að nýju hjá nýjum vinnuveitanda eftir þriggja ára starf, enda hafi rétturinn verið sannreyndur.

Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð.

Almennur orlofstími er 2. maí til 15. september ár hvert. Samkomulag við atvinnurekanda ræður hvenær orlof er tekið.

Þeir sem samkvæmt ósk atvinnurekanda taka ekki sumarfrí á þeim tíma. Sem lög gera ráð fyrir að sumarfrí sé tekið skulu fá 25% lengingu orlofs, sem tekið er utan orlofstíma eða greiðslu sem því nemur. Óski starfs-

maður sjálfur eftir orlofi utan almenns orlofstíma reiknast ekki framlenging.

### 2.1 Vinnutilhögun

Vinnudagur telst í samningum sérhver virkur dagur annar en laugardagur. Dagvinna er 36 klukkustundir á viku og skal unnin á þeim tíma sem samkomulag er um á hverjum vinnustað. Ef ekki næst samkomulag um annað skal dagvinnutími vera eftirfarandi: Mánudaga frá 9 - 18. Þriðjudaga til föstudaga frá 9 - 17.

### 2.3.

Matartími skal vera hvern vinnudag 1 klukkustund og telst hann ekki til vinnutíma. Matartíma skal taka á tímabilinu 11:30 – 13:30 nema um annað sé samið sérstaklega. Kaffitími skal vera 20 mínútur á dag og telst til vinnutíma. Með matar- og kaffitíma í helgidagavinnu skal fara eftir sömu reglum og um virka daga væri að ræða. Atvinnurekendur og starfsmenn geta gert með sér samkomulag um skiptingu matar- og kaffitíma, getur hann annað hvort hætt vinnu fyrir eða fengið þann tíma greiddan sem yfirvinnu.

### 2.4.

Starfsmaður er vinnur minna en 36 klukkustundir á viku nýtur allra þeirra réttinda og ber jafnframt allar þær skyldur sem samningur þessi kveður á um. Þar sem það á við skulu réttindi og skyldur aðila háð hlutfalli af vinnutíma.

## Ábendingar:

- 1.** Félagsgjald er kr. 4.750 á mánuði.
- 2.** Lönnemar á staðfestum námssamningi greiða kr. 3.130 á mánuði.
- 3.** Félagsgjald aðstoðarfólks er kr. 3.760 á mánuði.
- 4.** Félagsgjald við hlutastarf er 2%, en að hámarki 4.750 á mánuði.
- 5.** 1% iðgjald til Sjúkrasjóðs reiknast af öllum launum.  
(P.e. grunnlaun + yfirborgun + aukavinna).
- 6.** Iðgjald til Fræðslusjóðs bókagerðarmanna er kr. 850 á mánuði af öllum félagsmönnum FBM í fyrirtækinu.
- 7.** 0,25% iðgjald til Orlofsheimilasjóðs reiknast af öllum launum.
- 8.** 1% iðgjald til Prenttæknisjóðs greiðist af öllum launum,  
þ.e. sama tala og til sjúkrasjóðs.
- 9.** Iðgjald til Sameinaða lífeyrissjóðsins. Starfsmaður greiðir 4% iðgjald til lífeyrissjóðs af öllum launum og atvinnurekandi með sama hætti 8%.
- 10.** Séreignarsparnaður. Mótframlag vinnuveitenda skal vera 2% gegn 2-4% framlagi starfsmanns.
- 11.** Atvinnurekandi greiðir 0,13% endurhæfingarsjóð til Sameinaða lífeyrissjóðsins.

**Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. dagur næsta mánaðar. Eindagi er síðasti dagur þess mánaðar. Eftir þann tíma skulu vangoldin iðgjöld innheimt með dráttarvöxtum frá gjalddaga.**